

Ed.

362. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að tvo mánuði ár hvert innan landhelgi einstakra lögsagnarumdæma eða minna svæðis á öðrum tímum en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt, sem hér um ræðir, gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.